

Lög

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (gjafsókn).

1. gr.

Við III. kafla laganna bætist ný grein, 27. gr. a, ásamt fyrirögn, svohljóðandi:

Gjafsókn.

Stefnandi dómsmáls sem höfðað er til greiðslu skaða- eða miskabóta vegna háttsemi sem hefur verið til rannsóknar lögreglu sem hugsanlegt brot gegn 194.–198., 200.–202. og 218. gr. b almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal hafa gjafsókn í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti ef málstaður stefnanda gefur nægilegt tilefni til. Gjafsóknarnefnd tekur ákvörðun um veitingu gjafsóknar samkvæmt ákvæðinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2023.

Samþykkt á Alþingi 16. júní 2022.